

30. okt. 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd.

Í frumvarpi til nýrra umferðalaga er ekki að finna skilgreiningu á reiðvegum eða neitt er varðar réttarstöðu ríðandi umferðar á skilgreindum reiðvegum, stígum eða slóðum og gerum við undirrituð alvarlegar athugasemdir, að svo sé ekki. Það verður að rúmast í nýjum umferðalögum, ákvæði þess efnis, að akstur vélknúinna ökutækja sé óheimill á skilgreindum reiðvegum og slóðum. Við hjónin höfum stundað hestamennsku í tugi ára og gerum enn. Í nokkur skipti höfum við mætt mótörhjólamönnum á reiðvegum, sem valdið hafa vandræðum, fælt hestana með sínum hávaða og tillitsleysi. Það rétt að það komi fram, að reiðvegir í dag eru sérstaklega merktir og banna akstur mótörhjóla og bíla en það skiptir mótörhjólamennina litlu og fara þeir sínu fram. Annað atriði sem skiptir máli, að mótörhjólamenn skemma reiðvegina með því, að spæna upp vegina með sínu aksturslagi og skilja eftir varanlegar skemmdir á vegunum. Hestarnir með sinni næmu heyrn vita af mótörhjólunum löngu áður en sjáum þá og spennast upp og hafa fjöldamörg slys orðið vegna þessa. Hestar eru viðkvæmar skepnur og þola illa þennan hávaða, sem fylgir þessum akstri. Um leið er reiðmaðurinn í hættu og sérstaklega byrjendur. Vegn aukinnar eftirspurnar erlendra ferðamanna á hestaferðum er, verið að bjóða upp á slys með þessu frumvarpi. Þetta frumvarp er ekki nægilega vel unnið og kemur fram, að samningsmenn gera sér litla grein fyrir því, hvað reiðvegur þýðir og hafa greinilega ekki nóga þekkingu á hestum.

Með kveðju

Konráð Adolphsson og Edda Gunnarsdóttir Sogavegi 69 108 Reykjavík.